

15. mars 2016

## Fjármál hins opinbera 2015, bráðabirgðauppgjör

*General government finances 2015, preliminary accounts*

### Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 10,7 milljarða króna árið 2015 eða 0,5% af landsframleiðslu. Til samanburðar var afkoman neikvæð um 1,2 milljarða króna árið 2014 eða 0,1% af landsframleiðslu. Tekjur hins opinbera námu um 931 milljarði króna og jukust um 2,7% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 42,2% samanborið við 45,3% árið 2014. Útgjöld hins opinbera voru 942 milljarðar króna 2015 eða 3,7% meiri en 2014 en hlutfall beirra af landsframleiðslu fór úr 45,3% í 42,7%.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála árið 2015 voru 192 milljarðar króna eða 8,7% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 157 milljarðar króna en hlutur heimila 35 milljarðar eða 18,2% af útgjöldunum. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 475 þúsundum króna og hafa þau að raungildi aukist um 2,5% á síðustu fimm árum.

Til fræðslumála var ráðstafað 172 milljörðum króna árið 2015 eða 7,8% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera 156 milljarðar króna og hlutur heimilanna 16 milljarðar króna eða 9,3% af heildarútgjöldum til málafloksins. Á mann námu fræðsluútgjöld hins opinbera 472 þúsund krónum og drögust þau saman um 15,9% á árunum 2009 til 2013 en hafa síðustu tvö ár aukist um 6,5%.

Samkvæmt áætlun út frá greiðslutölum voru peningalegar eignir hins opinbera 52% af landsframleiðslu í árslok 2015 meðan áætlað er að heildarskuldir hins opinbera hafi verið 98%. Er þetta þriðja árið í röð þar sem hlutfall skulda hins opinbera fer lækkandi.

### Inngangur

Fjármál hins opinbera eru í  
brenniddepli í þessu riti

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Vikið verður að afkomuþróun hins opinbera, gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum, og heilbrigðis- og menntamálum gerð skil í talnaefni og myndum.




*Hið opinbera takmarkast við  
A-hluta ríkissjóðs, A-hluta  
sveitarfélaga og  
almannatryggingar*

## Umfang hins opinbera

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þröngr skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vörum og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

### Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2015

Figure 1. Relative size of government in terms of revenue and expenditure 2015



Árið 2015 runnu 73,7% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 26,1% til sveitarfélaga. Af tekjum ríkissjóðs runnu 30,2% áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárfamlög eða 176,3 milljarðar króna til almannatrygginga og 30,8 milljarðar króna til sveitarfélaga. Af útgjöldum hins opinbera er hlutur almannatrygginga 18,1% eða 170,4 milljarðar króna, sveitarfélaga 30,3% eða 285,1 milljarðar króna, og ríkissjóðs 51,6% eða 486,2 milljarðar króna.


## Afkoma hins opinbera

*Tekjuhalli hins opinbera nam  
0,5% af landsframleiðslu 2015*

Samkvæmt bráðabirgðatölum var tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 10,7 milljarða króna árið 2015 eða sem nemur 0,5% af landsframleiðslu og 1,2% af tekjum þess. Til samanburðar var afkoman neikvæð um 1,2 milljarða króna árið 2014 eða 0,1% af landsframleiðslu. Verri afkoma 2015 skýrist öðru fremur af því að eignatekjur drögust saman um 16,3 milljarða eða 31,1% og heildartekjur jukust aðeins um 2,7% milli 2014 og 2015. Á sama tíma jukust útgjöld hins opinbera um 3,7% en þar voru þyngst 10,6% hækkan launakostnaðar.

Nokkur munur er á niðurstöðum um afkomu milli Hagstofu Íslands og Fjársýslu ríkisins sem stafar aðallega af mismunandi aðferðum við meðhöndlun á arði frá fjármálastofnum í eigu ríkisins. Hagstofan vinnur eftir alþjóðlegum þjóðhagsreikningastöðum sem kveða á um að hámarki sé tekjufærður arður sem jafngildir rekstrarhagnaði ársins að frádeginum virðisbreytingum, en endurmat og virðisbreyting eru færð í gegnum efnahag.

**Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**  
*Figure 2. General government financial balance as per cent of GDP*



Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Árið 2015 er áætluð tekjuafkoma ríkissjóðs 390 milljónir króna eða 0,02% af landsframleiðslu, samanborið við 16,3 milljarða króna afgang árið 2014 eða 0,8% af landsframleiðslu.

**Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2009–2015**

*Table 1. General government finances 2009–2015*

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>
Tekjur hins opinbera <i>General gov. revenue</i>	617,1	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0	931,1
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	771,3	799,3	777,3	807,2	830,5	908,2	941,9
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	-154,2	-158,2	-95,0	-66,5	-34,8	-1,2	-10,7
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Tekjur hins opinbera <i>Gen. gov. revenue</i>	38,8	39,6	40,1	41,7	42,1	45,3	42,2
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	48,5	49,4	45,7	45,4	44,0	45,3	42,7
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	-9,7	-9,8	-5,6	-3,7	-1,8	-0,1	-0,5
Tekjuafkoma ríkissjóðs <i>Central gov. NLB</i>	-8,1	-9,1	-5,7	-3,3	-1,8	0,8	0,0
Tekjuafkoma sveitarfélaga <i>Local gov. NLB</i>	-1,0	-0,8	-0,3	-0,5	-0,4	-0,8	-0,6
Tekjuafkoma almannatrygg. <i>SSF NLB</i>	-0,7	0,1	0,4	0,0	0,3	-0,1	0,1

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tekjuhalli sveitarfélaga var 12,9 milljarðar króna 2015

Tekjuhalli sveitarfélaga árið 2015 er áætlaður 12,9 milljarðar króna eða 0,6% af landsframleiðslu og 4,7% af tekjum þeirra. Til samanburðar var tekjuhalli sveitarfélaga 16,1 milljarður króna árið 2014 eða 0,8% af landsframleiðslu. Skatttekjur sveitarfélaga jukust um 7,6% milli ára miðað við 5,7% aukningu árið 2014.


## Tekjur hins opinbera

*Tekjur hins opinbera jukust um 2,7% milli ára*

Tekjur hins opinbera námu 931,1 milljarði króna árið 2015 og jukust um 2,7% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 42,2% samanborið við 45,3% árið 2014.

**Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**

*Figure 3. General government revenues and expenditures as per cent of GDP*



Tekjur ríkissjóðs lækkuðu úr 34,2% af landsframleiðslu 2014 í 31,5% árið 2015 en tekjur sveitarfélaga lækkuðu lítillega sem hlutfall af landsframleiðslu eða úr 12,7% í 12,4%. Tekjur almannatrygginga námu 8,5% af landsframleiðslu árið 2014 en eru 8,1% árið 2015.

**Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2009–2015**

*Table 2. General government total revenue 2009–2015*

Í milljörðum króna In billion ISK	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>
Hið opinbera <i>General government</i>	617,1	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0	931,1
Ríkissjóður <i>Central government</i>	450,3	474,7	497,1	545,5	584,5	686,1	693,7
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	191,3	194,4	214,2	224,4	243,6	254,9	273,6
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	133,8	143,0	160,6	157,8	166,8	168,6	178,8
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Hið opinbera <i>General government</i>	38,8	39,6	40,1	41,7	42,1	45,3	42,2
Ríkissjóður <i>Central government</i>	28,3	29,3	29,2	30,7	31,0	34,2	31,5
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	12,0	12,0	12,6	12,6	12,9	12,7	12,4
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	8,4	8,8	9,4	8,9	8,9	8,5	8,1

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

*Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera um 812,7 milljörðum króna 2015*

Megintekjustofn hins opinbera eru skatttekjur og tryggingagjöld sem skiliðu 87,3% tekna þess árið 2015. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa þessar tekjur lækkað úr 38,6% af landsframleiðslu árið 2014 í 36,8% árið 2015. Aðrar tekjur hins opinbera drögust saman um 10,8% milli ára. Þar munar mestu um 12,2 milljarða minni arðgreiðslur frá fyrirtækjum í eigu ríkisins.


**Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2009–2015**  
*Table 3. General government main income types 2009–2015*

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	617,1	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0	931,1
Skatttekjur <i>Taxes</i>	462,8	478,0	519,1	561,6	606,2	700,8	733,8
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	45,9	63,6	66,8	64,9	69,9	73,4	78,9
Fjárfamlög <i>Grants</i>	2,2	2,4	2,9	3,7	2,9	2,5	2,9
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	106,3	97,2	93,4	110,6	116,7	130,2	115,5
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	38,8	39,6	40,1	41,7	42,1	45,3	42,2
Skatttekjur <i>Taxes</i>	29,1	29,5	30,5	31,6	32,1	35,0	33,3
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	2,9	3,9	3,9	3,7	3,7	3,7	3,6
Fjárfamlög <i>Grants</i>	0,1	0,1	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	6,7	6,0	5,5	6,2	6,2	6,5	5,2

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tekjuskattar skiluðu hinu opinbera um 52,2% tekna þess eða 17,4% af landsframleiðslu árið 2015. Skattar á vöru og þjónustu voru 34,5% teknanna eða um 11,5% af landsframleiðslu. Þar af nam virðisaukaskatturinn 8,1% af landsframleiðslu.

**Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**  
*Figure 4. General government main taxes as per cent of GDP*



Eignaskattar hins opinbera námu 2,0% af landsframleiðslu árið 2015, en það er heldur lægra hlutfall en undanfarin þrjú ár er það var 2,5%.

Tekjur af sköttum á alþjóðaverslun og viðskipti drögust saman um 5,2% frá árinu 2014 og aðrar skatttekjur um 7,4%.

**Tafla 4. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 2009–2015**

Table 4. General government taxes and social contributions 2009–2015

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>
Skattar og tr.gjöld <i>Taxes and social contrib.</i>	32,0	33,5	34,5	35,2	35,8	38,6	36,8
Skattar á tekjur og hagnað <i>Taxes on income</i>	15,1	14,8	15,7	15,9	16,7	18,0	17,4
Skattar á launagreiðslur <i>Taxes on payroll</i>	0,2	0,2	0,2	0,3	0,3	0,3	0,3
Eignaskattar <i>Taxes on property</i>	2,1	2,4	2,3	2,5	2,5	2,5	2,0
Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on G&amp;S</i>	11,1	11,5	11,5	11,9	11,7	11,7	11,5
Skattar á alþ.viðskipti <i>Taxes on intern. trade</i>	0,3	0,4	0,4	0,4	0,3	0,3	0,3
Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,4	0,4	0,5	0,6	0,6	2,2	1,8
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	2,9	3,9	3,9	3,7	3,7	3,7	3,6

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.**Tafla 5. Tekjuskattar hins opinbera 2009–2015**

Table 5. General government tax on income and profits 2009–2015

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	239,9	239,7	266,8	283,2	315,6	360,5	383,0
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	192,3	197,3	220,6	234,5	258,6	270,6	291,9
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	26,5	14,6	29,5	34,0	40,5	66,8	63,7
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest &amp; cap. gains</i>	21,1	27,7	16,8	14,8	16,5	23,1	27,4
Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i>							
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	15,1	14,8	15,7	15,9	16,7	18,0	17,4
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	12,1	12,2	13,0	13,2	13,7	13,5	13,2
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	1,7	0,9	1,7	1,9	2,1	3,3	2,9
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest &amp; cap. gains</i>	1,3	1,7	1,0	0,8	0,9	1,2	1,2

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

## Útgjöld hins opinbera

Niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðislánum vegur þyngst í lækkun útgjalda hins opinbera

Útgjöld hins opinbera eru áætluð 941,9 milljarðar króna árið 2015 og jukust um 3,7% milli ára. Hlutfall heildarútgjalda af landsframleiðslu fór úr 45,3% árið 2014 í 42,7% árið 2015. Launakostnaður jókst um 10,6% milli ára en tilfærsluútgjöld drögust saman um 14,3%. Þar vegur þyngst að gjaldfærsla vegna niðurfærslu verðtryggðra fasteignaveðlána lækkaði úr 35,8 milljörðum 2014 í 19,1 milljarð árið 2015. Áætlað er að framlag ríkissjóðs til Íbúðalánasjóðs verði 5,7 milljarðar vegna afkomu ársins 2015.

**Tafla 6. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2009–2015**

Table 6. General government expenditure 2009–2015


Í milljörðum króna In billion ISK	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>
Hið opinbera <i>General government</i>	771,3	799,3	777,3	807,2	830,5	908,2	941,9
Ríkissjóður <i>Central government</i>	578,7	621,5	593,7	603,9	618,0	669,8	693,3
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	206,6	207,8	219,3	233,0	250,9	271,0	286,6
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	144,2	141,1	154,0	157,3	160,8	170,0	176,9
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Hið opinbera <i>General government</i>	48,5	49,4	45,7	45,4	44,0	45,3	42,7
Ríkissjóður <i>Central government</i>	36,4	38,4	34,9	34,0	32,7	33,4	31,4
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	13,0	12,8	12,9	13,1	13,3	13,5	13,0
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	9,1	8,7	9,1	8,8	8,5	8,5	8,0

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Heildarútgjöld ríkissjóðs jukust um 3,5% milli ára en útgjöld sveitarfélaga um 5,7%. Útgjöld almannatrygginga jukust um 4,1% en sem hlutfall af landsframleiðslu voru þau 8,0% sem er heldur lægra hlutfall en síðustu ár. Mest mældust útgjöld almannatrygginga árið 2009 eða 9,1% af landsframleiðslu.

**Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF**

Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP



Ef hagræn útgjöld hins opinbera eru skoðuð sést að samneysluútgjöldin, þ.e. launaútgjöld og kaup að frádreginni sölu á vöru og þjónustu, voru 23,6% af landsframleiðslu eða heldur minni en árið 2014. Launaútgjöld eru stærsti hluti samneysluútgjaldanna eða 58,6%.

Fjárfestingarútgjöld hins opinbera jukust lítillega á árinu 2015, en hlutfall þeirra af landsframleiðslu lækkaði úr 3,1% 2014 í 2,9% árið 2015.

**Tafla 7. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2009–2015**  
*Table 7. General government expenditure by economic type 2009–2015*

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>
Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	48,5	49,4	45,7	45,3	44,1	45,4	42,7
Laun <i>Wages and salaries</i>	13,5	13,6	13,5	13,6	13,6	13,8	13,8
Kaup á vörum og þjónum. <i>Use of goods &amp; services</i>	12,0	12,1	12,1	12,0	11,8	11,5	10,8
Vaxtagjöld <i>Interest</i>	6,0	4,8	4,1	4,7	4,6	4,7	4,4
Fjárframlög <i>Grants</i>	1,8	1,7	1,7	1,7	1,6	1,5	1,3
Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,3	0,3	0,3	0,2	0,2	0,3	0,2
Félagslegar tilf. til heimila <i>Social benefits</i>	7,7	7,5	8,1	7,6	7,1	7,0	6,4
Önnur tilfaersluútgjöld <i>Other expenditure</i>	3,0	6,0	3,1	2,8	2,2	3,6	2,8
Fjárfesting <i>Acquisition of nonfinancial assets</i>	4,1	3,4	2,7	2,7	2,9	3,1	2,9

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

*Vaxtagjöld hins opinbera námu um 97 milljörðum króna 2015*

Vaxtaútgjöld hins opinbera voru 97,3 milljarðar króna árið 2015 eða 4,4% af landsframleiðslu og hefur hlutfallið heldur lækkað frá síðustu árum. Það var hæst árið 2009 eða 6,0% af landsframleiðslu.

*Heilbrigðisútgjöld hins opinbera  
námu 7,1% af landsframleiðslu  
árið 2015*

## Heilbrigðismál

Einn stærsti málaflokkurinn í opinberum rekstri eru heilbrigðismál og árið 2015 fóru 16,7% heildarútgjalda til þeirra. Þau jukust um 10% frá 2014 til 2015 og námu 157,1 milljarði króna<sup>1</sup> eða 7,1% af landsframleiðslu. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála verið stöðug frá og með árinu 2010, um og yfir 7% af landsframleiðslu.

**Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2009–2015**

*Table 8. General government expenditure on health 2009–2015*

Hlutfall af VLF Per cent of GDP	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>
Heilbrigðisútgjöld alls <i>Expenditure on health</i> <sup>2</sup>	7,5	7,1	7,0	7,0	7,1	7,2	7,1
1. Lækn.vörur og hjálpartæki <i>Medical products</i>	0,9	0,8	0,7	0,7	0,6	0,6	0,6
2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>Outpatient services</i>	1,4	1,4	1,3	1,4	1,4	1,5	1,5
3. Sjúkrahúsajónusta <i>Hospital services</i>	5,0	4,7	4,7	4,7	4,8	4,9	4,9
4. Forvarnir og alm. heilb.þj. <i>Public health serv.</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
5. Heilbrigðismál ót.a.s. <i>Health n.e.c.</i>	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,1

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Kaup heimila á heilb.þjón. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public health is excluded.*

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 8 en ýtarlegri sundurliðun er að finna í töflu 20 í töfluviðauka. Árið 2015 var 4,9% af landsframleiðslu ráðstafað til sjúkrahúsajónustu og hefur það hlutfall verið mjög svipað undanfarin ár. Að raungildi á mann hafa útgjöld til sjúkrahúsa og vegna þjónustu við ferlisjúklinga aukist um 3,2% en útgjöld vegna lyfja- og hjálpartækjakaupa dregist saman um 1,7%.

Af opinberum útgjöldum til heilbrigðisþjónustu vegur hlutur almennrar sjúkrahúsaþjónustu þyngst, eða um 68,7%. Þjónusta við ferlisjúklinga, þar á meðal almenn heilsugæsla og þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa, kemur þar á eftir og nemur 20,8% af heilbrigðisútgjöldum eða 1,5% af landsframleiðslu. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður nam um 8,1% opinberra útgjaldra til heilbrigðismála árið 2015 eða 0,6% af landsframleiðslu.

Í töflu 20 í töfluviðauka má meðal annars sjá að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru um 475 þúsund krónur á mann árið 2015 en frá árinu 2010 hafa þau hækkað um 2,5% á mann á föstu verði. Á árunum 2002 til 2009 voru þau aftur á móti hærri eða frá 500-520 þúsund krónur, á verðlagi 2015. Á árinu 2015 var kostnaður vegna almennra sjúkrahúsa 228 þúsund krónur á mann, vegna heilsugæslu og þjónustu sérfræðilækna utan sjúkrahúsa tæp 99 þúsund og vegna lyfja og hjálpartækja tæp 39 þúsund krónur á mann.

<sup>1</sup> Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

**Tafla 9. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2015**  
*Table 9. Total health expenditure 1998–2015*

	Alls, millj. kr. <i>Total, mill. ISK</i>	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Percent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild HH % of totals	Heilbr.útgj.- staðvirt <sup>2</sup> <i>Health exp. in fixed Prices<sup>2</sup></i>	Heilbr.útgj.- staðvirt á mann <sup>2</sup> <i>Health exp. per capita<sup>2</sup></i>
		Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>House- holds</i>	Alls <i>Total</i>			
1998	52.482	7,0	1,7	8,7	19,4	100,0	100,0
1999	60.947	7,8	1,7	9,4	17,6	109,8	108,5
2000	65.076	7,5	1,7	9,3	18,7	110,8	107,9
2001	72.221	7,4	1,7	9,1	18,8	114,1	109,6
2002	82.764	8,1	1,8	9,9	18,1	120,5	114,7
2003	87.303	8,2	1,8	10,1	18,3	122,1	115,6
2004	92.222	7,8	1,8	9,6	18,7	123,6	115,6
2005	97.154	7,5	1,7	9,2	18,6	124,5	115,2
2006	107.214	7,3	1,6	9,0	18,0	127,4	114,7
2007	119.388	7,2	1,5	8,8	17,5	133,9	117,8
2008	135.729	7,3	1,5	8,8	17,4	138,2	118,5
2009	144.966	7,5	1,6	9,1	18,0	133,5	114,5
2010	143.291	7,1	1,7	8,9	19,6	125,3	107,8
2011	147.149	7,0	1,7	8,7	19,4	123,0	105,5
2012	154.171	7,0	1,7	8,7	19,5	122,4	104,5
2013	164.471	7,0	1,7	8,7	19,3	125,6	106,2
2014	176.209	7,1	1,7	8,8	19,0	129,4	108,2
2015 <sup>1</sup>	191.946	7,1	1,6	8,7	18,2	133,7	110,6

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Heilbrigðisútgjöld hins opinbera staðvirt með verðvísítolu samneyslunnar en heimilanna með undirvísítolu vísítolu neysluverðs fyrir heilsu. Magnvísitala, 1998=100. *Health expenditure of the gen. gov deflated by price index of government final consumption, the households' share by subindex for health from the CPI. Volume index 1998=100.*

192 milljörðum króna var ráðstafað til heilbrigðismála á árinu 2015

Í töflu 9 hefur útgjöldum heimila til heilbrigðismála verið bætt við útgjöld hins opinbera og sýnir taflan heildarútgjöld til heilbrigðismála á árunum 1998 til 2015 ásamt hlutfalli heilbrigðisútgjalda af landsframleiðslu. Þar sést að á árinu 2015 nam heilbrigðiskostnaður 192 milljörðum króna eða 8,7% af landsframleiðslu, en hlutfallið hefur verið stöðugt undanfarin ár. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin 10,1% af landsframleiðslu árið 2003.

Árið 2015 voru rúm 18% heilbrigðisútgjaldanna fjármögnuð af heimilunum og er það heldur lægra hlutfall en undanfarin ár. Hæst hefur hlutur heimilanna farið í 19,6%, árið 2010, en lægstur var hann árið 2008 eða 17,4%. Rétt er að áréttu að um bráðabirgðatölur er að ræða.

Í töflu 9 eru einnig sýnd staðvirt heilbrigðisútgjöld. Voru heilbrigðisútgjöld á föstu verðlagi á mann mest árið 2008, en síðan þá hefur dregið úr þeim um 6,7%.

## Fræðslumál

*Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 7,1% af landsframleiðslu*

Annar stór málaflokkur í opinberum rekstri eru fræðslumál og eru útgjöld til þeirra nánast sama hlutfall af heildarútgjöldum og heilbrigðismálum eða 16,6%. Hrein útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu um 156,2 milljörðum króna á árinu 2015<sup>1</sup> eða 7,1% af landsframleiðslu. Tæplega helmingur útgjalda hins opinbera til fræðslumála rann til grunnskólastigsins eða 3,4% af landsframleiðslu. Til háskólastigsins runnu tæp 20% af fræðsluútgjöldum hins opinbera eða 1,4% af landsframleiðslu. Framhaldsskólastigið tók til sín minna eða 17% útgjaldanna og síðustu 10% fóru til leikskólastigsins eða 0,7% af landsframleiðslu.

**Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2009–2015**

*Table 10. General government expenditure on education 2009–2015*

Slík af VLF / Type of VLF	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>
<b>Fræðsluútgj. alls<sup>2</sup> Expenditure on education<sup>2</sup></b>	7,5	7,3	7,1	7,0	6,9	7,0	7,1
1. Leikskólastig Pre-primary education	0,8	0,7	0,7	0,7	0,6	0,7	0,7
2. Grunnskólastig Primary and sec. education	3,5	3,4	3,5	3,3	3,2	3,4	3,4
3. Framhaldsskólastig Upper secondary edu.	1,3	1,2	1,2	1,2	1,2	1,1	1,2
4. Háskólastig Tertiary education	1,6	1,6	1,4	1,5	1,4	1,4	1,4
5. Önnur skólastig Other school leves	0,3	0,3	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
6. Önnur fræðslumál ót.a.s. Education n.e.c.	0,1	0,1	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Kaup heimila á fræðsluþj. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education is excluded.*

Í töflu 21 í töfлуviðauka kemur fram að útgjöld til fræðslumála voru á föstu verði um 472 þúsund krónur á mann árið 2015 eða 3,6% hærri en 2014. Að raungildi á mann drögust opinber fræðsluútgjöld saman um tæp 16% á árunum 2009 til 2013 en hafa síðustu tvö ár aukist um 6,5%. Langstærsti hluti útgjalda hins opinbera til fræðslumála eru samneysluútgjöld, en fjárfestingaráutgjöld vega einnig þungt. Í niðurbroti á skólastig, töflu 21, má sjá að útgjöld til leikskóla- og barnaskólastigs jukust um 3,5% að raungildi á mann frá 2014, 5,3% til unglings- og framhaldsskólastigs og 1,4% til háskólastigsins.

*Til fræðslumála var ráðstafað 172 milljörðum króna árið 2015*

Í töflu 11 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtoldum eru heildarútgjöld til fræðslumála um 7,8% af landsframleiðslu árið 2015. Rúm 9% útgjaldanna eru fjármögnud af heimilunum. Fræðsluútgjöld alls á mann á föstu verði<sup>2</sup> 2015 hafa dregist saman um 8,9% frá 2008, en árin þar á undan höfðu þau vaxið jafnt og þétt.

<sup>1</sup> Frá útgjöldum hins opinbera til fræðslumála hafa verið dregin kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera sem flokkast með einkaneyslu heimilanna.

<sup>2</sup> Fræðsluútgjöld hins opinbera eru staðvirk með verðvisítölu samneyslunnar, en undirþáttur hennar er launavísitala opinberra starfsmanna.


**Tafla 11. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2015**

Table 11. Total expenditure on education 1998–2015

	Alls, millj. kr. <i>Total, mill. ISK</i>	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Percent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild HH % of totals	Fræðslu.útgj.- Staðvrt <sup>2</sup> <i>Edu. exp.</i> <i>in fixed Prices<sup>2</sup></i>	Fræðslu.útgj.- staðvrt á mann <sup>2</sup> <i>Edu. exp.</i> <i>per capita<sup>2</sup></i>
		Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili House- holds	Alls <i>Total</i>			
		millj. kr. <i>mill. ISK</i>					
1998	42.411	6,40	0,68	7,07	9,3	100,0	100,0
1999	46.750	6,57	0,69	7,26	9,2	103,7	102,4
2000	51.260	6,64	0,69	7,33	9,1	106,9	104,1
2001	60.076	6,90	0,71	7,61	9,0	115,7	111,1
2002	69.769	7,54	0,78	8,33	9,2	123,8	117,9
2003	72.171	7,48	0,87	8,35	10,2	122,9	116,4
2004	78.514	7,36	0,81	8,18	9,8	128,6	120,4
2005	87.733	7,52	0,81	8,33	9,6	137,1	126,9
2006	99.117	7,51	0,79	8,30	9,3	142,5	128,2
2007	108.172	7,20	0,72	7,92	9,2	146,3	128,6
2008	124.194	7,38	0,67	8,05	8,4	152,7	130,9
2009	129.874	7,48	0,69	8,17	8,4	145,9	125,1
2010	129.943	7,33	0,69	8,03	8,7	139,1	119,8
2011	133.463	7,14	0,70	7,84	9,0	135,8	116,6
2012	136.838	6,97	0,73	7,70	9,4	131,4	112,2
2013	144.225	6,89	0,75	7,65	9,7	132,7	112,2
2014	155.463	7,01	0,75	7,77	9,6	137,5	115,0
2015 <sup>1</sup>	172.092	7,08	0,72	7,80	9,3	144,1	119,3

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*<sup>2</sup> Fræðsluútgjöld staðvrt með verðvísítölu samneyslunnar. Magnvísitala, 1998=100. *Expenditure on education deflated by price index of government final consumption. Volume index, 1998=100***Mynd 6. Útgjöld hins opinbera sem hlutfall af VLF**

Figure 6. General government expenditure functions as per cent of GDP



## Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

Peningalegar eignir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 1.145 milljörðum króna í árslok 2015 eða sem nemur tæplega 52% af landsframleiðslu. Lánveitingar námu 149 milljörðum króna, sjóður og bankainnistæður 418 milljörðum króna og hlutafjáreign 391 milljarði króna.

*Heildarskuldir hins opinbera  
námu 98% af landsframleiðslu í  
lok árs 2015*

Heildarskuldir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 2.161 milljörðum króna í árslok 2015 eða 98% af landsframleiðslu, samanborið við 114,4% árið á undan. Ær þetta þriðja árið í röð þar sem skuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu fer lækkandi, en hæst var hlutfallið árið 2011, 126,7%. Erlendar lántökur námu í árslok 2015 um 307 milljörðum króna eða 13,9% af landsframleiðslu. Innlendar lántökur námu 315 milljörðum króna, verðbréfaskuldir 888 milljörðum króna og viðskiptaskuldir 119 milljörðum króna. Eignir og skuldir eru áætlaðar út frá greiðslutölum árið 2015 og geta niðurstöður breyst þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir.

**Tafla 12. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 2009–2015**


*Table 12. General government financial assets and liabilities 2009–2015*

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	75,4	73,0	75,4	70,2	63,4	64,4	51,9
Skuldir <i>Liabilities</i>	112,9	118,7	126,7	123,7	114,8	114,4	98,0
Verðbréf <i>Securities other than shares</i>	39,3	44,6	46,4	47,2	44,6	43,8	40,3
Lántökur <i>Loans</i>	43,6	43,6	48,7	45,4	40,2	38,7	28,2
Innlendar lántökur <i>Domestic loans</i>	18,1	20,1	20,6	19,7	18,9	17,8	14,3
Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i>	25,5	23,5	28,2	25,7	21,3	20,9	13,9
Lifeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i>	23,8	23,7	24,5	24,7	24,2	24,5	24,1
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	6,2	6,8	7,1	6,4	5,8	7,4	5,4
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-37,5	-45,7	-51,4	-53,5	-51,4	-49,9	-46,1

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF**

*Figure 7. Central and local governments gross debt as per cent of GDP*



## **Frekari upplýsingar**

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu [Hagstofunnar](#).

## English summary

In 2015, the financial balance of the general government was 10.7 billion ISK in deficit or 0.5% of GDP, compared with a deficit of 1.2 billion ISK in 2014 or 0.1% of GDP. The revenue increased by 2.7% while the expenditure increased by 3.7%. The general government total revenue in 2015 of 931 billion ISK amounted to 42.2% of GDP, compared with 45.3% in 2014. The general government total expenditure of 942 billion ISK amounted to 42.7% of the 2015 GDP, compared with 45.3% in 2014.

In 2015, the total expenditure on health was 8.7% of GDP, of which 81.8% was financed by the general government and 18.2% by households. The health expenditure per capita was 475 thousand ISK in 2015 and has in real terms increased by 2.5% in the last five years.

The total expenditure on education was 7.8% of GDP in 2015, of which 90.7% was financed by the general government. The expenditure per capita was 472 thousand ISK in 2015 and has in real terms increased by 6.5% over the last two years.

An assessment based on cash transactions data shows that the general government total financial assets amounted to 52% of GDP at the end of 2015 and the total liabilities 98%. This is the third year in a row that the general government total liabilities' share of GDP has fallen.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of [Statistics Iceland](#).

**Tafla 13. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 2010–2015**

Table 13. General government statement of operations 2010–2015

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	<i>Current prices, in million ISK</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015 <sup>1</sup>
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>		<b>641.141</b>	<b>682.304</b>	<b>740.768</b>	<b>795.732</b>	<b>906.988</b>	<b>931.116</b>
11 Skatttekjur <i>Tax revenue</i>	477.979	519.116	561.567	606.243	700.831	733.779	
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	63.599	66.820	64.882	69.899	73.432	78.927	
13 Fjárfamlög <i>Grants</i>	2.403	2.944	3.733	2.881	2.534	2.900	
14 Aðrar tekjur <i>Other revenues</i>	97.160	93.424	110.586	116.710	130.191	115.509	
<b>Heildargjöld (2+31) Total expenditure (2+31)</b>	<b>799.305</b>	<b>777.342</b>	<b>807.229</b>	<b>830.530</b>	<b>908.205</b>	<b>941.851</b>	
<b>2 Rekstrarútgjöld Expenses</b>		<b>777.274</b>	<b>765.977</b>	<b>796.519</b>	<b>813.896</b>	<b>886.095</b>	<b>918.257</b>
21 Laun <i>Compensation of employees</i>	219.395	229.037	242.024	256.169	275.652	304.935	
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	195.315	206.099	213.887	222.234	230.421	239.003	
